

„STRÁKARNIR VILJA HALDA UTAN UM STELPUARNAR SÍNAR“

Vilja strákarnir á ný fara að halda utan um stelpurnar sem þeir eru skotnir? Er fólk orðið þreytt á ærandi hávaða í danshúsum og vill það aðra tegund hljómistar? Hefur fólk áhuga á að læra samkvæmsdansa? Geta allir lært að dansa? Þarf ég að vera fullnuma í samkvæmsdönsun til að geta farið út á gólfid með minni heitelskuðu?

monika). Söngvari hljómsveitarinnar er Ragnar Einarsson.

Dans hefur bjargað mörgum mönnum

„Ég hef ekki spilað á trommur í 16 eða 18 ár.“ sagði Sigvaldi þegar þeir félagar komu í heimsókn á ritstjórn Dags í síðustu viku. Ekki taldi Karl það neitt vandamál, sagði að þetta væri í blóðinu og betri trommara en Sigvalda væri erfitt að finna. Karl kvað það nauðsynlegt að fara nú að breyta til og skemmtanalífi bæjarbúa og því hefðu þeir ákveðið að fara á stúfana og spila „alminnilega“ mússík í SH og gera fólki kleift að dansa sigilda samkvæmsdansa.

Dagur: Sigvaldi, nú kennir þú fólk á Akureyri og víðar að dansa. Hefur þú orðið var við aukinn áhuga á samkvæmsdönsun og þarf maður ekki í langt og strangt nám til að geta dansað eftir tónlist ykkar?


Sigvaldi: Eg kenni t.d. í skólunum og það er alveg merkilegt að krakkarnir þar vilja miklu frekar læra samkvæmsdansa heldur en „diskíó“ eða „free-style“ t.d. er meira af strákum hjá mér í samkvæmsdönsunum og það eitt út af fyrir sig er stórmérkilegt. Það geta allir lært svona dansa og ef menn kunna frumatriðið er auðvelt að vera með.

Karl: Eg held að það geti bjargað mörgum mönnum frá því að verða fyllibytta ef hann hefur sig út á gólfid og dansar.

Sigvaldi: Þegar ég var ungur vorum við oft saman sex strákar. Tveir okkar, ég og annar til, fórum

strax í dansskóla og dönsuðum á öllum böllum. Hinir fóru á þau til að drekka. Og ég get bætt því við að ég hef farið í SH og sá þar fólk sem kann t.d. tjútt og charlestone svo eitthvað sé nefnt, en það getur ekki dansað samkvæmsdansa því hljómsveitin spilar ekkert annað en popp. Maður sér ánægjuna skina fram úr andlitum fólksins þegar loks kemur rokklag. Þá flykkist það út á gólfid.

Karl: Strákarnir vilja halda utan um stelpurnar. Dansinn er til orðinn fyrir kynin til að kynnast og vera í nálægð við hvort annað. Nú, hefur verið hlaupið yfir hálfu öld og hann Sigvaldi er með hátt á annað hundrað fólk í kennslu hjá sér og ég efast ekki andartak um að það kemur og dansar hjá okkur. Raunar verður sýndur dans í kabarettinum.



Karl Jónatansson.

Sigvaldi: Það segir svolítið um þróunina í dansmálum okkar að í fyrsta var hjá mér Íslandsmeistarinn í diskídansi. Hann var orðinn leiður á diskíóinu og vildi fara að læra samkvæmsdansa.

Skrifaði nótur fjóra tíma á dag

Karl: Undanfarin ár hefur bara verið tvennt til í dansinum. Annaðhvort hafa menn dansað diskídans, sem ég kalla nú heimalagaðan ballett, eða gömlu dansana. Það hefur verið hlaupið yfir hálfu öld og samkvæmsdansarnir hafa gleymst.

Dagur: Er ekki erfitt að setja saman hljómsveit sem spilar samkvæmsmússík?

Karl: Meðlimirnir verða að búa yfir mikilli tónlistarkunnáttu, þeir verða t.d. að geta lesið nótur. Eg sat í sumar 4 tíma á dag og skrifaði nótur fyrir hljómsveitina. Slikt er ekki gert í popphljómsveitum.

Dagur: Er kabarettinn Gráur hárin öðru vísni en þeir sem voru fluttir í Vetrargarðinum hér á árum áður?

Karl: Eg held ekki. Þá vorum við bæði í kabarettum sem höfðu sögupráð og eins vorum við í kabarettum sem voru byggðir upp á laustengdum atriðum.

Dagur: En af hverju farið þið af stað með kabaretti nú. Hafði þið einhverja vissu fyrir því að fólk vilji koma og hlusta á gamanmál, horfa á danssýningu, hlusta á vissnasöng og dansa samkvæmsdansa fram á nótt?

Karl: Við fórum upp með kabarett vegna þess að við vitum að fólk hungar í nýtt skemmtiefni og þró-

unin annarsstaðar hefur sýnt að diskíó er á undanhaldi.

Sigvaldi: Fólk er orðið þreytt á þeim ofboðslega hávaða sem einkennt hefur dansleiki seinni ára.

Karl: Við komum aftur með gömlu góðu dagana og bjóðum fólki að fara að dansa aftur saman, og það á að geta talað saman.

Stefnumarkandi fyrir aðra skemmtistaði

Sigvaldi: Við ætlum okkur að afnema þessi hlé sem tíðkast hjá hljómsveitum í dag. Þegar helming hljómsveitarinnar langar í kaffi sitja hinir eftir og spila. Þá gripum við nikkuna og leyfum fólki að spreya sig á gömlu dönsunum.

Karl: Af því að við erum í blaðaviðtali langar mig til að koma þrennu á framfæri.

Dagur: Gjörðu svo vel.

Karl: Í fyrsta lagi vantar okkur kvensöngvara í hljómsveitina og ég vildi biðja hana um að hafa samband við mig eða Sigvalda. Í öðru lagi ætlum við að gefa ungu hæfileikafólki kost á að koma fram í kabarettinum og þeir sem það vilja eru líka beðnir um að hafa samband við okkur. Sú fyrsta sem ríður á vaðið heitir Þorgerður Magnúsdóttir. Nú, og í þriðja lagi vildi ég geta þess að við ætlum ekki bara að spila í Sjálfstæðishúsinu, þegar tími vinnst til förum við í nágrannabyggðirnar.

Sigvaldi: Sjálfstæðishúsið tekur töluverða áhættu með því að skipta svona algerlega um tónlist, en ég held að þetta muni heppnast og verða stefnumarkandi fyrir aðra skemmtistaði í landinu.



Sigvaldi á trommunum. Myndir KGA.



Hljómsveitin á æfingu. Það er Karl sem stendur lengst til vinstri á senueni.



Þau ætla að sjá um talaða málið. Herramennirnir sem halda á henni Kristjónu Jónsdóttur heita: Guðmundur Sigvaldason, Heimur Ingi-marsson og Guðmundur Sæmundsson. Sá síðastaldi hefur samið alla textana sem fluttir verða á kabarettinum.

„Þessi sýning er ekki háð neinum markaðs-lögmálum“

- segir Örn Ingi listmálari frá Akureyri sem opnar sýningu á Kjarvalsstöðum um helgina

„Það er sjálfsgt erfitt að segja hvers eðlis þessi sýning er. Hún er eiginlega gripin upp úr skúffu sem ég hef ekki litið ofan í í ein 10 ár og það hefur ýmislegt gerjast í skúffunni á þessum tíma án þess ég hafi haft nokkra hugmynd um það“ sagði Örn Ingi listmálari frá Akureyri í spjali við DAG, en Örn Ingi opnar á morgun, laugardag, sýningu að Kjarvalsstöðum í Reykjavík.

„Margt af þeim verkum sem eru á þessari sýningu koma mér sjálfum mjög mikið á óvart. Það er sjálfsgt erfitt að útskýra á hvaða hátt, en eins og margir muna eflaust var mín fyrsta sýning að hluta til upphleyp verk, relief verk, sem ég síðan hætti gjörmsamlega við en hugsaði mér alltaf að taka upp sýningar og væri betur undir það búinn. Svo þegar ég tók upp þráðinn aftur, var það á allt annann veg en ég hafði haldið að það yrði, og þetta er orðið miklu vístækara en ég reiknaði með, persónulegra og beinna gagnvart áhorfandanum.

Áhorfandinn kemur til með að taka þátt í sýningunni að einhverju leiti, bæði í gegn um hljóð og upplifun í speglum og á annan hátt. Þetta er miklu beinna og einfaldara í uppbyggingu heldur en ég hafði reiknað með, en er að minnum dómi mjög æskilegt.“

„Já, Þetta er mjög frábrugðið því sem ég hef fengist við undanfarin ár, þetta hefur greinilega verið einhver leyniskúffa. Þessi skúffa virðist hafa átt sitt upphaf sem hefur átt sér sjálfstætt líf í undirmeðvitundinni án þess ég hefði haft hugmynd um það.“

„Það fer ekkert á milli mála að þessi sýning kemur á óvart, en hitt er aftur á móti spurning hvort það fer vel eða illa í menn. Eg veit varla við hverju ég á að búaast og leiði ekki mikið hugann að því vegna þess að það hefði hamlað mér. En mig langar til þess að fólk sjái það í myndunum að ég hefði gaman af því að búa þær til.“

„Það hafa margir spurt mig hvort ég væri hættur að mála og hvað skeður, spyrja þeir. Eg get hins vegar ekki svarað því öðruvísi en þannig að ég ímynda mér að það sem ég hef verið að gera að undanförmu og sýni á þessari sýningu og málverkið, eigi eftir að mætast á einhvern hátt í nýju formi. Það er sjálfsgt að taka það fram að þessi sýning er ekki háð

neinum markaðslögmálum. Hún er ekki gerð þeirra vegna og ég reikna með að koma með hverja einustu mynd til baka.“

„Frá gullfiski til einglyrnis“

„Verklega séð hef ég ekki unnið lengi að þessari sýningu. Elsta myndin er frá því eftir síðustu áramót og flestar myndirnar hafa orðið til í haust þótt þær hafi hugmyndalega séð gerjast í lengri tíma. En þetta hefur einhver veginn komið þannig út að ein mynd hefur leitt af sér aðra sjálfkrafa. Eg tülka í einni mynd hagkerfið okkar íslenska, þar á meðal fljóttandi gengi, að því leitinu til gæti þetta verið fljóttandi sýning.


„Það er erfitt að segja það í fáum orðum í hvaða efni þessi verk eru unnin. Við getum sagt að í einu verkinu sé það frá gullfiski til einglyrnis.“

Sýningin á Kjarvalsstöðum verður 9. einkasýning Arnar Inga.

sem segist ekki lengur hafa tölu yfir þær samsýningar sem hann hefur tekið þátt í. Sýningin verður opnuð að Kjarvalsstöðum á morgun kl. 15, og verður síðan opin á hverjum degi kl. 14-22 fram til 15. nóvember. Á sýningunni eru 39 verk, og mun vist óhætt að segja að Örn Ingi muni heldur betur koma mönnum á óvart að þessu sinni.

„Það verður sennilega fróðlegt að snúa heim að lokinni þessari sýningu. Eg held að það sé ekki vílaust að taka það fram í lokin að ýmsar þær hugmyndir sem ég var með í huga voru sviðsstarf úti í náttúrunni eða einhversstaðar í viðeigandi formi, ég fékk oftar en einu sinni léða búninga og annað hjá Leikfélagi Akureyrar þannig að það er ofurlitlar myndasögur innan um sem hafa verið sviðssettar.“

„Mig langar að koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem hafa aðstoðað mig varðandi sýninguna og verið til þess meira en boðnir og búinir.“



„Augnagotur“ ein mynda Arnar Inga á sýningunni. Ljós.: H. Sv.